

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um eftirlit með framkvæmd ákærvalds.

Frá Eyjólfí Ármannssyni.

1. Hvernig hefur eftirliti ráðherra með framkvæmd ákærvaldsins skv. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, verið háttáð síðan löggin tóku gildi? Hversu oft og í hvernig málum hefur ráðherra óskað eftir gögnum og greinargerð um meðferð einstakra mála í skjóli eftirlitsheimilda sinna?
2. Hafa einhver viðmið verið sett hjá ráðherra varðandi framkvæmd eftirlitsheimildar 1. mgr. 19. gr. í ljósi þess að í fyrri svörum ráðherra hefur komið fram að ákvæðinu hafi ávallt verið beitt af mikilli varfærni og aðeins í undantekningartilvikum? Ef svo er, hver eru þau viðmið?
3. Á hvaða grundvelli byggist sú túlkun ráðherra að fyrrnefnt ákvæði feli ekki í sér almenna heimild til að „óska eftir upplýsingum um stöðu einstakra mála eða hvernig rannsókn þeirra miðar“ miðað við skýrt orðalag ákvæðisins?
4. Hvaða skýringum óskar ráðuneytið eftir í greinargerð um einstakt mál ef ekki er verið að „óska eftir upplýsingum um stöðu einstakra mála eða hvernig rannsókn þeirra miðar“ líkt og ráðherra telur að felist ekki í eftirlitsheimild hans?

Skriflegt svar óskast.